

## 4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c — liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

## 5. gr.

Söluskattur 23,5% og verðjöfnunargjald 19% er innifalið í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á c — liðum, húshitun og viðhaldsgjald götulýsingar.

## 6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

## 7. gr.

Rafveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20 júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 700 frá 5. september 1983.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. maí 1984.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 53 27. febrúar 1976 um mannflutninga í loftförum sbr. rgl. nr. 293/1979 og 443/1979 um breyting á henni.**

## 1. gr.

Við grein 4.1 bætist nýr málslíður svohljóðandi:  
Reykingar eru ætíð óheimilar í atvinnuflugi á innanlandsleiðum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1984 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 22. maí 1984.*

**Matthías Bjarnason.**

Ragnhildur Hjaltadóttir.